

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 3/2013

2013/EES/31/03

frá 1. febrúar 2013

## um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 413/2012 frá 15. maí 2012 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 496/2011 að því er varðar lágmarksinnihald fôðuraukefnisins natríumbensóats í fôðri fyrir fráfarugrísi <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 414/2012 frá 15. maí 2012 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 554/2008 að því er varðar lágmarksinnihald og ráðlagðan lágmarksskammt ensímblöndu með 6-fýtasa sem fôðuraukefni í fôðri fyrir eldiskalkúna <sup>(2)</sup>.
- 3) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um fôður. Ákvæði löggjafar um fôður skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtensteins, eins og tilgreint er í aðlögunarákvæðum vegna einstakra atvinnugreina í I. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtensteins.
- 4) I. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Ákvæði II. kafla I. viðauka við EES-samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 1zzzzq (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 554/2008):  
„– **32012 R 0414**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 414/2012 frá 15. maí 2012 (Stjtið. ESB L 128, 16.5.2012, bls. 5).“
2. Eftirfarandi bætist við í lið 2ze (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 496/2011):  
„eins og henni var breytt með:  
– **32012 R 0413**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 413/2012 frá 15. maí 2012 (Stjtið. ESB L 128, 16.5.2012, bls. 4).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerða (ESB) nr. 413/2012 og (ESB) nr. 414/2012, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 2. febrúar 2013, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 128, 16.5.2012, bls. 4.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 128, 16.5.2012, bls. 5.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 1. febrúar 2013.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Gianluca Grippa***

formaður.